

Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki

INSTITUTE OF INTERNATIONAL AFFAIRS AND
CENTRE FOR SMALL STATE STUDIES



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is/ams



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Markmið Alþjóðamálastofnunar er að vera leiðandi í rannsóknum um alþjóðamál og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Hún stuðlar að upplýstri umræðu meðal fræðimanna, almennings og annarra aðila, sem láta sig íslensk utanríkismál og alþjóðamál varða. Tilgangur Alþjóðamálastofnunar er jafnframt að auka gæði og framboð náms um alþjóðamál og smáríki í grunn- og framhaldsnámi á háskólastigi, og að vera þjónustustofnun við atvinnulífið og hið opinbera. Til að ná þessum markmiðum beitir Alþjóðamálastofnun sér fyrir auknu samstarfi milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila á sviði alþjóðamála og gengst fyrir ráðstefnum, umræðufundum og fyrirlestrum um efni sem tengjast starfsviði stofnunarinnar. Stofnunin er vettvangur fyrir fræðileg alþjóðasamskipti og þverfagleg þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf, fyrirtæki og stofnanir. Fagmannleg vinnubrögð og trúverðugleiki eru höfð að leiðarljósi í starfi Alþjóðamálastofnunar.



The Institute of International Affairs

The role of the Institute of International Affairs is to provide teaching, promote research, and carry out service projects in the field of international relations. It aspires to serve both academic and professional needs and to stimulate general discussion on subjects relating to international affairs.

To this end, the Institute plans and carries out research on various subjects and hosts conferences, seminars, and lectures concerning international affairs. It offers various services to both the private and public sector, such as conducting surveys, writing reports, and carrying out research on a range of topics.

International cooperation and interdisciplinary discussions are important factors in the work of the IIA. Over one hundred scholars with various fields of expertise participate in the work of the IIA and the CSSS, and the institutes have ties to a number of foreign research bodies. The IIA aims to become a forum for dialogue between the academic community, the private sector, and public service in the area of international relations.

Rannsóknasetur um smáriki

Rannsóknasetur um smáriki hefur þegar skapað sér alþjóðlegan sess á sviði smárikjarannsókna. Markmið setursins er að efla rannsóknir og fræðslu á smárikjum og stöðu þeirra í alþjóðakerfinu, en frumkvæði að stofnun þess átti Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Rannsóknasetrið hefur hlotið ýmsa styrki og viðurkenningar, eins og t.d. árlegan styrk frá ERASMUS til þess að halda sumarskóla á Íslandi um stöðu smárikja í Evrópusamrunanum og þær breytingar sem nú eiga sér stað í öryggismálum Evrópu. Setrið hefur staðið fyrir fjölda alþjóðlegra ráðstefna og gefið út umtalsvert efni um smáriki.



Centre for Small State Studies

The Centre for Small State Studies has already established itself as one of the most important research centres focusing on small state studies. It aims to encourage both research and education, as well as public debate, on the subject.

The formation of a research centre in the field of small state studies in 2001 was enthusiastically received by both the public and private sector in Iceland, as well as abroad.

The Centre has received several grants from the European Union, the Nordic Council, and the Nordic-Baltic Council. It has also received support from both private and public enterprises in Iceland.

The Centre organizes seminars and lectures in Iceland and at international conferences. The CSSS regularly arranges international conferences on related topics, such as the conference held in 2007 on market internationalization and the source of wealth in small states.

Útgáfa

Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáriki standa fyrir virkri útgáfustarfsemi. Sem dæmi má nefna eftirfarandi bækur: Gunnar Þór Bjarnason: Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi. Aðdragandi og viðbrögð. Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót? (2008); Valur Ingimundarson (ritstjóri): Uppbrot hugmyndakerfis. Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007 (2008); Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri): Ný staða Íslands í utanríkis-málum. Tengsl við önnur Evrópulönd (2007); Rósa Magnúsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og Valur Ingimundarson (ritstjórar): Alþjóðastjórnsmál við upphaf 21. aldar. Rannsóknir ungra fræðimanna í alþjóðamálum (2007); Christine Ingebritsen, Iver B. Neumann, Sieglinde Gstöhl og Jessica Beyer (ritstjórar): Small States in International Relations (2006). Auk þess gefur Rannsóknastofnun um smáriki út tvær ritrýndar ritraðir, annars vegar greinar sem eru fullburða rannsóknir (occasional papers) og hins vegar styttri greinar um rannsóknir sem geta enn verið í vinnslu (working papers). Einnig eru unnar þjónusturannsóknir við stofnanirnar.



Publications

IIA and CSSS have published numerous books and papers on international relations and Icelandic foreign affairs. Among them are books on the subject of international politics at the beginning of the 21st Century, Iceland's new role in international relations, small states in international relations, the departure of the US forces from Iceland, and a collection of articles on the development of the Icelandic foreign policy from 1991 to 2007. Additionally, the Centre for Small State Studies runs two reviewed publication series: occasional papers reflecting researches that are complete and working papers that give a shorter account of research that may still be in process. A variety of web publications are also planned.

Sumarskóli

Rannsóknasetur um smáríki hefur frá því sumarið 2003 boðið upp á sumarskóla (intensive programme) um smáríki og Evrópusamrunann. Sumarið 2009 og næstu tvö ár þar á eftir mun sumarskólinn leggja áherslu á þær breytingar sem eru að eiga sér stað í öryggismálum smárikja í Evrópu. Helstu fræðimenn á sviði öryggis- og smárikjafræða kenna við skólann en þetta námskeið er einstakt tækifæri til að sækja sér þekkingu hjá bestu fræðimönnum heims á sviði smárikjarannsóknna, öryggismála og Evrópufræða. Kennsla stendur yfir í tvær vikur og er skólinn opinn fyrir bæði erlenda og innlenda stúdenta. Kennt er á ensku. Allir fyrirlestrar sumarskólans um smáríki og Evrópusamrunann hafa verið teknir upp á myndband. Nemendur Háskóla Íslands sem og nemendur annarra samstarfsskóla Háskóla Íslands í þessu verkefni, geta fengið aðgang að námskeiðinu rafrænt.



The Summer School

Since the year 2003, the Centre for Small State Studies has run an annual intensive study programme on Small States and European Integration. This Summer School is a joint project of several universities in Europe and is sponsored by the EU's Erasmus programme. For a three year period from the summer of 2009, the focus of the Summer School will be on security and small states in Europe. The objective is to focus on solutions that small states can find in theory and have used in practice for their security arrangements. In the European context, these include entering NATO and/or the EU, and participating in OSCE and sub-regional arrangements of various kinds. Both external and internal aspects of security will be covered and the applicability of concepts such as functional and societal security will be explored.

The course runs for two weeks and is open to both Icelandic and international students. All lectures are held in English. Renowned scholars in the field of small state studies, from all over the world, have taught at the summer school. This course offers a unique opportunity for students to tap the brains of experts in both security studies and small states studies, and to familiarize themselves with the most recent information and research. From 2003 all the lectures of the summer school have been recorded, allowing access to them by a wider range of students at the University of Iceland and UI partner universities. CSSS welcomes applications for this event series from undergraduate and postgraduate students.



Pia Hansson er starfandi forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki.

Pia Hansson is the Acting Director of the Institute of International Affairs and the Centre for Small State Studies.

Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki
Háskóla Íslands, Gimli v/Sæmundargötu, 101 Reykjavík
Sími/Tel: +354 525-5262 / +354 525 5841
Netfang/Email: ams@hi.is
www.hi.is/ams

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun. Rannsóknasetur um smáríki starfar innan vébanda Alþjóðamálastofnunar og fer sameiginleg stjórn með málefni beggja stofnana.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands var stofnuð árið 1990, en endurskipulagning hennar hófst í kjölfar undirbúnings að stofnun Rannsóknaseturs um smáríki haustið 2001. Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki heyra undir háskólaráð og eru vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði alþjóðamála og smáríkjarannsóknna. Utanríkisráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og á annað hundrað erlendir fræðimenn taka virkan þátt í starfi stofnananna.

Eftirtaldir sitja í stjórn stofnananna:

Fjórir fræðimenn frá Háskóla Íslands: Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem jafnframt er formaður stjórnar, Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, en hann er einnig varaformaður stjórnar, Anna Karlsdóttir, lektor í ferðalandfræði, og Maria Elvira Mendez Pinado, lektor í Evrópurétti.

Fjórir erlendir fræðimenn: Alyson Bailes, gestakennari í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, Anders Wivel, dósent í stjórnmálafræði við Kaupmannahafnarháskóla, Annica Kronsell, dósent í stjórnmálafræði við Háskólann í Lundi í Svíþjóð og Clive Archer, prófessor í Evrópufræðum við Metropolitan háskólann í Manchester á Bretlandi.

Að auki eiga innlendir aðilar fulltrúa í stjórn: Þórir Ibsen, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Pétur Reimarsson, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins og Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

The Institute of International Affairs (IIA) at the University of Iceland is a research, teaching and service institution. It was established in the year 1990. When the Centre for Small State Studies (CSSS) was created in 2001, it was brought under the auspices of the IIA and both are operated by a joint Board of Directors.

Four scholars from the University of Iceland are members of the board: Baldur Thorhallsson, Professor of Political Science, chair; Valur Ingimundarson, Professor of History, vice chair; Anna Karlsdóttir, Assistant Professor of Human Geography and Tourism Studies, and Maria Elvira Mendez Pinado, Assistant Professor of European Law.

Four further members are appointed by the members of the IIA and the CSSS: Alyson Bailes, Visiting Professor at the Faculty of Political Science, University of Iceland; Anders Wivel, Associate Professor of Political Science at the University of Copenhagen, Denmark; Annica Kronsell, Associate Professor of Political Science at Lund University, Sweden; and Clive Archer, Professor of European Studies at the Metropolitan University of Manchester, Great Britain.

Two local interest groups and the Ministry for Foreign Affairs (MFA) each have a representative on the Board. Thorir Ibsen, Director of the Defence Department, represents the MFA, Petur Reimarsson, Director of Policy Making and Communications, the Confederation of Icelandic Employers; and Jon Steindor Valdimarsson, Director General, the Federation of Icelandic Industries.

